



Skeljungur hf.: Ársuppgjör 2017

2017 - Gott rekstrarár að baki.

Helstu lykiltölur og niðurstöður

- Hagnaður á hlut var 0,54 en var 0,56 á árinu 2016.
- Gott rekstrarár að baki í krefjandi rekstrarumhverfi.
- Afkoma lituð af einskiptiskostnaði vegna breytinga í rekstri sem samtals nam 248 m.kr. á árinu, þar af eru einskiptisafskriftir 75 m.kr.
- Framlegð ársins nam 7.183 m.kr. og lækkar um 1,4% frá fyrra ári - framlegð fjórðungsins nam 1.613 m.kr. og jókst um 2,0% á milli ára.
- EBITDA ársins nam 2.618 m.kr. sem er 5,3% lækkun milli ára - EBITDA í fjórðungnum nam 261 m.kr. sem er lækkun um 43,5%.
- Aðlöguð EBITDA ársins að teknu tilliti til einskiptiskostnaðar er 2.792 m.kr.
- EBITDA framlegð ársins var 36,4% miðað við 37,9% árið áður.
- Hagnaður ársins nam 1.143 m.kr. samanborið við 1.262 m.kr. árið áður sem er 9,4% lækkun milli ára.
- Aðlagaður hagnaður ársins að teknu tilliti til einskiptiskostnaðar er 1.391 m.kr.
- Arðsemi eigin fjár var 15% samanborið við 17,7% á árinu 2016.
- Eigið fé þann 31.12. nam 7.112 m.kr. og eiginfjárlutfall var 38% í árslok.

Félagið áætlar að EBITDA ársins 2018 verði á bilinu 2.600-2.800 m.kr. og fjárfestingar liggi á bilinu 750-850 m.kr.

Stjórn Skeljungs leggur til arðgreiðslu að fjárhæð 500 milljónir króna, sem er 43,7% af hagnaði ársins 2017.

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr samstæðureikningi félagsins, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 21. febrúar 2018. Samstæðu- og móðurfélagsreikningur félagsins eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Endurskoðendur félagsins, KPMG ehf., hafa endurskoðað reikningana og áritað án fyrirvara. Til nánari upplýsinga er vísað til reikningsins sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

Tölulegur samanburður

	2017	2016		2017	2016	
m.kr.	Q4	Q4	Var%	12m	12m	Var%
Framlegð	1.613.379	1.581.382	2,0%	7.183.366	7.282.780	-1,4%
EBITDA	260.674	461.684	-43,5%	2.617.716	2.763.435	-5,3%
EBIT	-367	279.872	-100,1%	1.786.444	2.049.686	-12,8%
Hagnaður	-28.585	157.362	-118,2%	1.143.475	1.261.729	-9,4%
EBITDA	16,2%	29,2%		36,4%	37,9%	
EBIT	0,0%	17,7%		24,9%	28,1%	
Launakostn./framlegð	41,9%	37,3%		31,4%	30,6%	

Sölu og dreif.kostn./framlegð	34,0%	28,9%		26,0%	26,0%	
Rekstrarkostn./framlegð	85,9%	73,2%		65,3%	64,0%	
Arðsemi eiginfjár				15,0%	17,7%	

Horfur fyrir árið 2018

Félagið áætlað að EBITDA ársins verði á bilinu 2.600 - 2.800 m.kr. og fjárfestingar liggi á bilinu 750 - 850 m.kr.

Í afkomuspá félagsins er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði. Bent er á að við umreikning reikningsskila er notast við meðalgengi innan ársins. Á árinu 2017 var meðalgengi DKK/ISK 16,20. Áætlanir félagsins miða við meðalgengi DKK/ISK 16,75.

Árið 2017 í hnotskurn

Hendrik Egholm, forstjóri Skeljungs:

Afkoma Skeljungs á árinu 2017 var mjög góð. Bæði íslenska og færeyska hagkerfið standa styrkum fótum og neysla, jafnt á einstaklingsmarkaði sem á fyrirtækjamaarkaði, fer vaxandi. Kjarnastarfsemi félagsins er öflug og skilaði félaginu góðri niðurstöðu ársins í ár og mun áfram gera næstu árin. Engum fær þó dulist að íslenski eldsneytismaarkaðurinn hefur verið að breytast. Erlendir aðilar hafa komið inn á markaðinn, jafnt á flugeldsneytismaarkaðinn sem og á bifreiðaeldsneytismaarkaðinn. Þá er einnig ljóst að endurnýjanlegir orkugjafar munu skipa æ sterkari sess héraendis, sem annars staðar. Árið í ár markaðist því af ýmsum aðgerðum og verkefnum sem hrundið var í framkvæmd til þess að styrkja enn frekar stöðu félagsins og byggja undir þau sóknarfæri sem við félaginu blasa.

Gerðar voru skipulagsbreytingar í haust, með það að markmiði að tryggja betur samþættingu í starfsemi Skeljungs á Íslandi og í Færeyjum, auka skilvirkni í rekstrinum og styðja við sölu til erlendra skipa á N-Atlantshafssvæðinu. Þá er nýju skipulagi ætlað að gera æðstu stjórnendum betur kleift að vinna að sameiginlegum verkefnum og framþróun samstæðunnar. Einnig var hagrætt þvert á félagið, m.a. með sameiningu sviða og fækkun í framkvæmdastjórn félagsins á Íslandi. Kröfum markaðarins um lægra eldsneytisverð var jafnframt svarað með "Orkuvæðingu" allra eldsneytisstöðva félagsins. Erum við sannfærð um að það hafi verið breyting í rétta átt. Áhersla neytenda á lágt verð mun að líkindum ekki minnka þegar dregur úr því hagvaxtarskeiði sem einkennt hefur síðustu ár. Sparnaðarhugtakið hefur síðan verið tekið enn lengra og hefur félagið undanfarið unnið að nýrri sýn hvað varðar sölustaði sína, með áherslu á tímasparnað fyrir viðskiptavinum félagsins. Tengist það til að mynda fjárfestingu Skeljungs í Wedo ehf., sem á og rekur netverslanirnar Heimkaup, Hópkaup og Bland.

Skeljungur er nú á lokastigum við undirbúning opunar vetnisstöðva fyrir bifreiðaeigendur. Félagið er þátttakandi í umfangsmiklu Evrópusambandsverkefni, sem tengist aukinni nýtingu endurnýjanlegrar orku í samgöngum, og snýr að uppbyggingu nets vetnisstöðva í Evrópu og aukningu í framleiðslu á vetnisknúnum rafbílum, m.a. í samstarfi við Hyundai og Toyota. Hér er um afar spennandi verkefni að ræða sem við hlökkum til að kynna betur fyrir markaðinum á næstu mánuðum. Með vetninu eykst enn frekar framboð Skeljungs á endurnýjanlegum orkugjöfum til samgangna en nú þegar býður félagið upp á metan og rafmagnshraðhleðslur á sölustöðum sínum.

Ekki verður í yfirliti yfir árið hjá því komist að nefna þau jákvæðu áhrif sem endurfjármögnun allra lána samstæðunnar hafði á árið, með nýjum lánasamningum við færeysku banka Betri banki og BankNordik og við Arion banka. Vegnir vextir samstæðunnar á árinu voru af þeim sökum um 3,9% og fjármagnskostnaður samstæðunnar því mun lægri en árið áður.

Þær breytingar sem gerðar voru á árinu 2017 höfðu óumflýjanlega í för með sér töluverðan einskiptiskostnað, sem setur mark sitt á reikninginn. Félagið er hins vegar straumlinulagaðra, með skarpari fókusi og betur í stakk búið til þess að vinna nýja sigra. Við teljum að með skýrri stefnu, samhenta stjórnendur og afburða starfsmenn geti framtíðin ekki verið annað en björt.

Helstu tíðindi og áfangar á árinu:

- Þann 31. mars var gengið frá samningum um endurfjármögnun á öllum vaxtaberandi lánnum samstæðunnar við færeysku bankana Bank Nordik og Betri banka og Arion banka. Markmiðið með lántökunni var að lækka fjármagnskostnað samstæðunnar og draga úr gjaldeyrisáhættu. Ný lán í Skeljungu voru að hluta til í dönskum krónum og er ætlað að verja hluta af virði dótturfélags þess Magn sem er með danska krónu sem starfrækslugjaldmiðil.
- Í maí 2017 hófu Skeljungur og hluthafar Basko ehf., sem m.a. rekur verslanir 10-11, samningaviðræður um kaup Skeljungs á öllu hlutafé í Basko. Í júlí sleit Skeljungur hins vegar viðræðunum, þar sem kaupin voru háð ýmsum forsendum og fyrirvörum sem ekki gengu eftir.
- Skeljungur fjárfesti í olíupramma í ágúst 2017. Með prammanum, sem hlaut nafnið Barkur RE, verður hægt að þjónusta skip sem hingað koma á skjótvirkari hátt og minnka töluvert umferð olíubíla á götum höfuðborgarsvæðisins.
- Í september varð Skeljungur sjöunda fyrirtækið til að hljóta jafnlaunavottun Jafnréttisstofu.
- Í lok ágúst voru gerðar breytingar á skipulagi félagsins, sem leiddu til þess að þáverandi forstjóri félagsins, Valgeir M. Baldursson, lét af störfum. Hendrik Egholm var síðan ráðinn nýr forstjóri félagsins frá og með 1. október 2017 en hann hafði áður sinnt stöðu forstjóra hjá dótturfélaginu Magn í Færeyjum. Í lok október var svo tilkynnt um nánari útfærslu og breytingar á skipulagi félagsins. Breytingarnar voru þáttur í að innleiða nýja stefnu hjá Skeljungu sem leggur aukna áherslu á þróun og framrás félagsins. Þá var jafnframt hagrætt í rekstrinum, t.a.m. með fækkun stjórnunarstaða innan samstæðunnar.
- Skeljungur og Costco undirrituðu í nóvember 2017 undir samning um áframhaldandi sölu og þjónustu Skeljungs við Costco út árið 2018.
- Samþykkt var á hluthafafundi 2. nóvember að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Félagið hrindi þeirri áætlun í framkvæmd þann 8. nóvember 2017 og lauk henni þann 22. janúar 2018, þegar áætlun félagsins um kaup á eigin bréfum, að fjárhæð 700m kr. að markaðsvirði, hafði verið náð.
- Í lok október var kynnt sú ákvörðun að leggja vörumerkið Skeljungur niður á eldsneytisafgreiðslustöðvum félagsins. Eldsneytisafgreiðslustöðvar félagsins yrðu í framhaldinu allar undir vörumerkinu Orkan eða undirmerkinu OrkanX. Var með því brugðist við óskum markaðarins um lágt verð, einnig á hagvaxtartímum. Breytingin leiðir einnig til einföldunar og hagræðis í markaðssetningu á stöðvum félagsins.
- Í lok árs sendi Skeljungur út fréttatilkynningu þess efnis að samningar um sölu á flugvélaeldsneyti til Icelandair og Wow air yrðu ekki endurnýjaðir þegar þeir rynnu út um áramótin. Greint var frá því að áhrif þessa yrðu minni velta á árinu 2018, sem og áhrif á afkomu félagsins, þó ekki í samræmi við minnkaða veltu. Á sama tíma myndi losna um umtalsvert fjármagn í rekstrinum og draga úr rekstraráhættu.
- Í desember 2017 festi Skeljungur kaup á þriðjungshlut í Wedo ehf., sem á og rekur vefverslanirnar Heimkaup.is, Hópkaup.is og Bland.is. Skeljungur hefur auk þess rétt til þess að skrá sig fyrir 17% hlut til viðbótar á næstu þremur árum, sem leiða myndi til meirihlutaeignar Skeljungs í félaginu.

Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur vegna ársuppgjör félagsins verður haldinn á Nordica Hilton Reykjavík, fundarsal I, fimmtudaginn 22. febrúar 2018. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 08:15. Á fundinum munu Hendrik Egholm, forstjóri, og Benedikt Ólafsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna uppgjörið og helstu þætti úr rekstrinum, auk þess sem spurningum fundargesta verður svarað.

Allt efni fundarins verður aðgengilegt fjárfestum að honum loknum á heimasíðu Skeljungs www.skeljungur.is/fjarfestar sem og á fréttasíðu Nasdaq Iceland.

Fjárhagsdagatal 2018

Aðalfundur 2018 - 20. mars 2018

Uppgjör 1F 2018 - 8. maí 2018

Uppgjör 2F 2018 - 28. ágúst 2018

Uppgjör 3F 2018 - 30. október 2018

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.

Nánari upplýsingar veitir Hendrik Egholm, forstjóri, í síma 444-3000 / 840-3002 og fjarfestar@skeljungur.is.

Skeljungur er olíufélag með starfsemi á Íslandi og í Færeyjum. Skeljungur selur eldsneyti og olíur til einstaklinga og fyrirtækja í sjávarútvegi, landbúnaði, landflutningum, flugi og til verktaka undir merkjunum Skeljungur, Orkan og OrkanX. Fyrirtækið selur einnig áburð og ýmsar aðrar efnavörur. Á Íslandi eru starfræktar 65 bensínstöðvar og 4 birgðastöðvar. Dótturfélagið Magn er rótgróið félag með starfsemi í Færeyjum, sem rekur 11 smásölu- og bensínstöðvar víðs vegar um Færeyjar auk þess að reka 2 birgðastöðvar. Magn þjónustar einnig og selur olíu til húshitunar til einstaklinga og fyrirtækja í Færeyjum. Meginmarkmið Skeljungs er að að þjóna orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við umhverfi sitt.

www.skeljungur.is

Finndu okkur á [LinkedIn](#).

Viðhengi:

[Skeljungur Samstæða 2017.pdf](#)